

I EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

2008/EES/26/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	1
2008/EES/26/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	3
2008/EES/26/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	6
2008/EES/26/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	9
2008/EES/26/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	11
2008/EES/26/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	12
2008/EES/26/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	13
2008/EES/26/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	14
2008/EES/26/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	15
2008/EES/26/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	16
2008/EES/26/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn	17

2008/EES/26/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á VI. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	20
2008/EES/26/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.	21
2008/EES/26/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn.	22
2008/EES/26/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.	23
2008/EES/26/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	24
2008/EES/26/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	25
2008/EES/26/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	26
2008/EES/26/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	27
2008/EES/26/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	28
2008/EES/26/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	29
2008/EES/26/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	30
2008/EES/26/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	31
2008/EES/26/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.	32

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2007

2008/EES/26/01

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/276/EB frá 19. apríl 2007 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/345/EB frá 10. maí 2007 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar (VHS) og/eða iðradreps (IHN) ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/275/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„– **32007 D 0276:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/276/EB frá 19. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 34).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 136. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/677/EB) í hluta 1.2:
„137. **32007 D 0275:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).
Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem falla undir þær tilteknar gerðir sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“
3. Brott falli texti 113. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB) í hluta 1.2.
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„– **32007 D 0345:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/345/EB frá 10. maí 2007 (Stjtið. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 16).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 121, 8.5.2002, bls. 6.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/275/EB, 2007/276/EB og 2007/345/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2007

2008/EES/26/02

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/142/EB frá 28. febrúar 2007 um að koma á fót neyðarliði í Bandalaginu á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða sem kemur framkvæmdastjórninni til aðstoðar er aðildarríkin og þriðju lönd þurfa stuðning á þessu sviði í tengslum við tiltekna dýrasjúkdóma ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/10/EB frá 21. febrúar 2007 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/119/EBE að því er varðar ráðstafanir sem gera skal innan verndarsvæðis við uppkomu svínafárs ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/146/EB frá 28. febrúar 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar skilyrði fyrir undanþágu frá útflutningsbanni í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins og að því er varðar afmörkun takmörkunarsvæða í Búlgaríu, Frakklandi, Þýskalandi og á Ítalíu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/174/EB frá 20. mars 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekna sýslur eða héruð á Ítalíu séu opinberlega laus við berkla í nautgripum, öldusótt í nautgripum og smitandi nautgripahvítblæði og að tiltekið svæði í Póllandi sé opinberlega laust við smitandi nautgripahvítblæði ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB frá 19. mars 2007 um könnun á riðuveiki í hjartardýrum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/227/EB frá 11. apríl 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/265/EB frá 26. apríl 2007 um breytingu á viðauka E við tilskipun ráðsins 92/65/EBE í því skyni að bæta við heilbrigðisráðstöfunum í tengslum við viðskipti með lifandi býflugur og til að uppfæra fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/268/EB frá 13. apríl 2007 um framkvæmd eftirlitsáætlana í aðildarríkjunum að því er varðar fuglainflúensu í alifuglum og villtum fuglum og um breytingu á ákvörðun 2004/450/EB ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/354/EB frá 21. maí 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/357/EB frá 22. maí 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu ⁽¹¹⁾.
- 12) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands og Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti tilskipunar 2007/10/EB og ákvarðana 2007/142/EB, 2007/146/EB, 2007/174/EB, 2007/182/EB, 2007/227/EB, 2007/265/EB, 2007/268/EB, 2007/354/EB og 2007/357/EB, sem verður birtur í *EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 62, 1.3.2007, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 37.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 80, 21.3.2007, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 84, 24.3.2007, bls. 37.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 98, 13.4.2007, bls. 23.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 114, 1.5.2007, bls. 17.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 115, 3.5.2007, bls. 3.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 133, 25.5.2007, bls. 37.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 25.5.2007, bls. 44.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2007

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 137. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB) í hluta 1.2:

„138. **32007 D 0142:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/142/EB frá 28. febrúar 2007 um að koma á fót neyðarliði í Bandalaginu á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða sem kemur framkvæmdastjórninni til aðstoðar er aðildarríkin og þriðju lönd þurfa stuðning á þessu sviði í tengslum við tiltekna dýrasjúkdóma (Stjtið. ESB L 62, 1.3.2007, bls. 27).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE) í hluta 3.1:

„– **32007 L 0010:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/10/EB frá 21. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 24).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB) í hluta 3.2:

„– **32007 D 0146:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/146/EB frá 28. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 37),

– **32007 D 0227:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/227/EB frá 11. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 98, 13.4.2007, bls. 23),

– **32007 D 0354:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/354/EB frá 21. maí 2007 (Stjtið. ESB L 133, 25.5.2007, bls. 37),

– **32007 D 0357:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/357/EB frá 22. maí 2007 (Stjtið. ESB L 133, 25.5.2007, bls. 44).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/437/EB) í hluta 3.2:

„38. **32007 D 0268:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/268/EB frá 13. apríl 2007 um framkvæmd eftirlitsáætlana í aðildarríkjunum að því er varðar fuglainflúensu í alifuglum og villtum fuglum og um breytingu á ákvörðun 2004/450/EB (Stjtið. ESB L 115, 3.5.2007, bls. 3).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32007 D 0174:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/174/EB frá 20. mars 2007 (Stjtið. ESB L 80, 21.3.2007, bls. 11).“
6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006) í hluta 7.2:

„46. **32007 D 0182:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB frá 19. mars 2007 um könnun á riðuveiki í hjartardýrum (Stjtið. ESB L 84, 24.3.2007, bls. 37).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1 og 15. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 8.1:

„– **32007 D 0265:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/265/EB frá 26. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 114, 1.5.2007, bls. 17).“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2007

2008/EES/26/03

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 139/2007 frá 26. október 2007 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/23/EB frá 22. desember 2006 um breytingu á viðbæti B við VII. viðauka við aðildarlögin frá 2005 að því er varðar tilteknar kjöt-, mjólkur- og fiskvinnslustöðvar í Rúmeníu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/26/EB frá 22. desember 2006 um breytingu á viðbætinum við VI. viðauka laganna um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að því er varðar tilteknar mjólkurvinnslustöðvar í Búlgaríu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/27/EB frá 22. desember 2006 um innleiðingu tiltekinna bráðabirgðaráðstafana varðandi afgreiðslu á hrámjólk til vinnslustöðva, svo og vinnslu á þessari hrámjólk í Rúmeníu, með tilliti til krafna í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og nr. 853/2004 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og eru fluttar frá þriðju löndum til Búlgaríu og Rúmeníu fyrir 1. janúar 2007 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/30/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir við markaðssetningu á tilteknum afurðum úr dýraríkinu frá Búlgaríu og Rúmeníu ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/31/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi sendingu tiltekinna afurða úr kjöt- og mjólkurgeirunum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá Búlgaríu til annarra aðildarríkja ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/213/EB frá 2. apríl 2007 um breytingu á ákvörðun 2007/31/EB um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar sendingu tiltekinna afurða úr kjöt- og mjólkurgeirunum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá Búlgaríu til annarra aðildarríkja ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/264/EB frá 25. apríl 2007 um breytingu á ákvörðun 2007/30/EB að því er varðar bráðabirgðaráðstafanir vegna tiltekinna mjólkurafurða frá Búlgaríu ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/398/EB frá 11. júní 2007 um breytingu á ákvörðun 2007/31/EB um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar sendingu tiltekinna afurða úr kjöt- og mjólkurgeirunum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá Búlgaríu til annarra aðildarríkja ⁽¹¹⁾.
- 12) Að því er varðar I. kafla I. viðauka taka ákvæði þessarar ákvörðunar til Íslands með aðlögunarfestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.
- 13) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 64, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 67.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 35.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 45.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 57.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 59.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 61.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 53.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 114, 1.5.2007, bls. 16.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 12.6.2007, bls. 8.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

3. gr.

1. gr.

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/23/EB, 2007/26/EB, 2007/27/EB, 2007/29/EB, 2007/30/EB, 2007/31/EB, 2007/213/EB, 2007/264/EB og 2007/398/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða daginn sem samningurinn um stækkun EES öðlast gildi, hvort sem er síðar.

Meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES kemur ákvörðunin til framkvæmda til bráðabirgða frá og með gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2007

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) og á undan aðlögunar-ákvæðunum í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka og í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka:

„Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:

- **32007 D 0027:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/27/EB frá 22. desember 2006 um innleiðingu tiltekinna bráðabirgðaráðstafana varðandi afgreiðslu á hrámmjólk til vinnslustöðva, svo og vinnslu á þessari hrámmjólk í Rúmeníu, með tilliti til krafna í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og nr. 853/2004 (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 45).
- **32007 D 0030:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/30/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir við markaðssetningu á tilteknum afurðum úr dýraríkinu frá Búlgaríu og Rúmeníu (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 59), eins og henni var breytt með:
 - **32007 D 0264:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/264/EB frá 25. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 114, 1.5.2007, bls. 16).
 - **32007 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/31/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi sendingu tiltekinna afurða úr kjöt- og mjólkurgeirunum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá Búlgaríu til annarra aðildarríkja (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 61), eins og henni var breytt með:
 - **32007 D 0213:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/213/EB frá 2. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 53),
 - **32007 D 0398:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/398/EB frá 11. júní 2007 (Stjtið. ESB L 150, 12.6.2007, bls. 8).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir ákvæðum um bráðabirgðaráðstafanir í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka:

„– **32007 D 0029:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 22. desember 2006 um bráðabirgðaráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og eru fluttar frá þriðju löndum til Búlgaríu og Rúmeníu fyrir 1. janúar 2007 (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 57).“

3. Eftirfarandi bætist við í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) og á undan aðlögunar-ákvæðunum í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka og í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka:

„Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við lög um aðild Rúmeníu frá 25. apríl 2005 (sjá I. hluta B-þáttar 5. kafla VII. viðauka), eins og þeim var breytt með:

- **32007 D 0023:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/23/EB frá 22. desember 2006 (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 9).“

4. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka og í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka:

„Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við lög um aðild Búlgaríu frá 25. apríl 2005 (sjá B-þátt 4. kafla VI. viðauka), eins og þeim var breytt með:

- **32007 D 0026:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/26/EB frá 22. desember 2006 (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2007, bls. 35).“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2007

2008/EES/26/04

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 138/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 496/2007 frá 4. maí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar innleiðingu á hámarksgildi leifa fyrir aukefnið Salinomax 120G, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf, í föðri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 497/2007 frá 4. maí 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í föðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 500/2007 frá 7. maí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1463/2004 að því er varðar innleiðingu á hámarksgildi leifa fyrir aukefnið Sacox 120 microGranulate, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf, í föðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2007 frá 10. maí 2007 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í föðri ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurðinni *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) sem aukefni í föðri ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004):
„– **32007 R 0500**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 500/2007 frá 7. maí 2007 (Stjtið. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005):
„– **32007 R 0496**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 496/2007 frá 4. maí 2007 (Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 9).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2007):
„1zzzp. **32007 R 0497**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 497/2007 frá 4. maí 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 11).
1zzzq. **32007 R 0516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2007 frá 10. maí 2007 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22).
1zzzr. **32007 R 0537**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurðinni *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) sem aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 496/2007, 497/2007, 500/2007, 516/2007 og 537/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 62, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 117, 5.5.2007, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2007

2008/EES/26/05

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fódri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem aukefni í fódri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 623/2007/EB frá 23. maí 2007 um breytingu á tilskipun 2002/2/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fódurs ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007):

„1zzzz. **32007 R 0538**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fódri (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16).

1zzzt. **32007 R 0634**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem aukefni í fódri (Stjtið. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14).“

2. Eftirfarandi bætist við í sextánda undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB) 5. liðar (tilskipun ráðsins 79/373/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

– **32007 D 0623**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 623/2007/EB frá 23. maí 2007 (Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 538/2007 og 634/2007 og ákvörðunar nr. 623/2007/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 62, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2007

2008/EES/26/06

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/48/EB frá 26. júlí 2007 um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/49/EB frá 26. júlí 2007 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007 frá 1. ágúst 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 930/2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um yrki af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) í 1. hluta:

„– **32007 L 0048**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/48/EB frá 26. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 29).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:

„– **32007 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/49/EB frá 26. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 33).“

3. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000) í 2. hluta:

„, eins og henni var breytt með:

– **32007 R 0920**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007 frá 1. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 920/2007 og tilskipana 2007/48/EB og 2007/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2007

2008/EES/26/07

frá 7. desember 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/28/EB frá 25. maí 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, klórphenapýr, fólpet, ípródíón, lambdasýhalótrín, malínhýdrasíð, metalaxýl-M og trífloxýstróbín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 30. maí 2007 um breytingu á tilskipun 96/8/EB að því er varðar merkingu, auglýsingar eða kynningu matvæla sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„– **32007 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/28/EB frá 25. maí 2007 (Stjtið. ESB L 135, 26.5.2007, bls. 6).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 54p (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32007 L 0029:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 30. maí 2007 (Stjtið. ESB L 139, 31.5.2007, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/28/EB og 2007/29/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 64, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 135, 26.5.2007, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 31.5.2007, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2007****2008/EES/26/08****frá 7. desember 2007****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN„– **32007 R 0703**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 703/2007 frá 21. júní 2007 (Stjtið. ESB L 161,
22.6.2007, bls. 28).“

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á
samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sam-
eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2007 frá 26. október
2007 ⁽¹⁾.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 703/2007, sem
verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusam-
bandsins*, telst fullgiltur.

2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórn-
arinnar (EB) nr. 703/2007 frá 21. júní 2007 um breytingu
á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar
sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða
hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu
að því er varðar tvívetnisstreptómýsín og streptó-
mýsín ⁽²⁾.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því
tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samn-
ingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins
(EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópu-
sambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 66, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008,
bls. 68.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 28.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2007

2008/EES/26/09

frá 7. desember 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
 GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/395/EB frá 7. júní 2007 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Holland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi notkun klóraðra paraffina með stuttri keðju ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12y. **32007 D 0395**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/395/EB frá 7. júní 2007 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Holland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi notkun klóraðra paraffina með stuttri keðju (Stjtið. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/395/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 68, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 69.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2007****2008/EES/26/10**

frá 7. desember 2007

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/22/EB frá 17. apríl 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga IV. og VI. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0022**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/22/EB frá 17. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 101, 18.4.2007, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/22/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

